

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík 14. febrúar 2018
UST201712-194/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Traðir - Snæfellsbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarstjóra Snæfellsbæjar er barst 21. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustubýlisins Traðir.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð er fylgir uppdrætti kemur fram að skipulagssvæðið er alls 11,9 ha og er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Í deiliskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir 8 nýum lóðum auk núverandi húsa. Á nýjar lóðir eru áætluð 6 fristundahús, reiðskemma/hesthús og tjaldsvæði.

Skipulag við ár, sjó og vötn

Þar sem núverandi íbúðarhús á jörðinni eru staðsett afar nálægt sjó bendir Umhverfisstofnun á eftirfarandi: Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó ef til því sem haeft er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“

Umhverfisstofnun bendir á að til að tryggja aðkomu almennings meðfram sjó þarf að gæta þess að sjálf tjaldstæðin séu ekki áætluð alveg við fjöruna, heldur sé áætlað rými fyrir aðgengi almennings meðfram fjörunni.


Byggingar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að allar byggingar falli vel að umhverfinu, enda koma þær til með að vera afar sýnilegar á svæðinu.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu og bendir á mikilvægi þess að uppbygging fráveitu fari fram samhliða annarri uppbyggingu.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur